


HEYRNARHJÁLÞ

1. tbl. 21. árg. - Desember 2017

fréttabréf



Heyrnarhjálp – Fréttabréf

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Heyrnarhjálp

Félag heyrnarskertra á Íslandi

Langholtsveg 111 – 104 Reykjavík

Sími: 5515895 – Fax: 5515835

Tölvupóstfang: heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is

Veffang: www.heyrnarhjalp.is

Ritstjóri: Helgi Hólm

Forsíðumynd: Hagafoss í Geirlandsá. Mynd: Svavar Ellertsson

Hönnun og umbrot: Halldór B. Kristjánsson leturval@litrof.is

Prentun: Litróf ehf



Efnisyfirlit

3. Ferð í Fjallabyggð
4. Ávarp formanns
5. Það er mikilvægt að auka lífsgæðin
9. Enn er langt í land varðandi almenna rittúlkun
11. Helstu orsakir heyrnartaps
12. Saga Heyrnarhjalpar
16. Aukin aðsókn í rittúlkaðar messur: Á að vera sjálfsagt um allt þjóðfélagið
18. Líf til jafns við aðra

Félagsgjald

Heyrnarhjálp minnir féлага sína á félagsgjaldið sem er 1.500 kr.

og á að leggjast inn á reikning

0101-26-777168 – kt. 600169-5489.

Skráið netföng – tilkynnið flutning

Félagsmenn eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna netföng og breytt heimilisföng til félagsins í síma 5515895 eða á netfangið

heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is



*Heyrnarhjálp
sendir öllum
samstarfsaðilum sínum,
félögum
og stuðningsmönnum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur
og þakkar liðið ár*



HEYRNARHJÁLP

er félag heyrnarskertra á Íslandi, þeirra sem misst hafa heyrn að hluta eða alveg og fólks sem þjáist af eyrnasuði eða öðrum vandamálum er snúa að heyrn.

Að félaginu koma líka aðstandendur og aðrir áhugamenn um málefni heyrnarskertra.

Skrifstofan er opin frá kl. 9-12 alla virka daga nema föstudaga.

Ferð í Fjallabyggð



Ágæti félagsmaður og aðrir lesendur.

Það var á fögrum haustdegi sem ég lagði af stað akandi norður í land. Nú átti að heimsækja Fjallabyggð, nánar tiltekið Siglufjörð, og halda fund með fólki þar. Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að keyra um fallega landið mitt á góðviðrisdegi og það var sannarlega í boði þarna.

Það er orðin hefð hjá okkur í Heyrnarhjálp að vera með kynningarfundum vítt og breytt um landið og kynna sögu og baráttumál félagsins.

Fundurinn var haldinn í sal Skálahlíðar sem er aðstaða fyrir eldri borgara í Fjallabyggð og var hann vel sóttur og þátttaka fundarmanna í umræðum mjög góð. Það er reyndar eitt af markmiðunum með heimsóknunum okkar á landsbyggðinni að heyra hvað fólk er að upplifa og læra af því hvar þörfin er mest þegar kemur að baráttumálunum.

Það vakti strax athygli mína þegar ég renndi inn í bæinn hve mikið líf og fjör var á götum úti og þegar betur var að gáð kom í ljós að verið var að taka upp atriði fyrir sjónvarpsþættina Ófærð.

Það var gaman að sjá hve Siglufjörður er falletgur bær þar sem allt virðist á uppleið og mannlífið blómstrar.

Líklegt er að bættar samgönguleiðir, bæði um Héðinsfjarðargöng og eins leiðin yfir Þverárfjall og þar norður fyrir hafi haft töluverð áhrif á ferðir og heimsóknir til þessara staða sem mynda nú samfélagið Fjallabyggð.

Eitt það fyrsta sem fangar augað þegar keyrt er inn á Siglufjörð er stór og mikil bygging sem er nýtt og vandað hótél, Sigló Hótél.

Ég hafði tekið eftir því í útvarpsfréttum þegar sagt var frá þessari hótélbyggingu að þess var getið í fréttinni að ekkert hefði verið til sparað við bygginguna hvað varðaði hljóðvist. Mér lék því forvitni á að hitta eigendur og kynna mér málið.

Strax að fundi loknum í Skálahlíð fór ég til fundar við

stjórnendur hótelsins. Þar tóku á móti mér þau Sigríður María Róbertsdóttir framkvæmdastjóri og Finnur Yngvi Kristinsson hótelstjóri. Þau sýndu mér hótelið og fram kom í máli þeirra að hótelið er búið 68 herbergjum og þar af eru þrjár svítur. Öll herbergi eru rúmgóð og búin húsgögnum með tauáklæði og eru þau sérválin til að framkalla engan hávaða. Gardínur eru úr þykku plussefni sem dempar hávaða og allar lagnir liggja djúpt inn í veggjum þannig að það heyrist aldrei neitt rennsli. Þá eru hljóddúkar allsstaðar í loftum undir panel sem er með rifum til að leiða hljóðið burt. Einnig er undirlag undir gólfefnum sérgert til að dempa niður hljóð. Herbergishurðar eru allar úr massífum viði og mjög þykkar þannig að ekkert heyrist á milli herbergja eða fram á gang.

Aðspurð um ástæður þess að þau lögðu svona ríka áherslu á þennan þátt í byggingunni svaraði Sigríður „Þabbi þarf að ferðast mikið um heiminn og gistir þá á hótélum. Hann gerði bara þessa einu kröfu annars máttum við ráða hinu“

Um leið og þetta hótél er svona stórkostlega gott fyrir eyrað þá er það líka glæsileg veisla fyrir augað. Það liggur í hjarta bæjarins með iðandi mannlíf á aðra hönd og sjóinn með tilheyrandi bátaumferð á hina. Punkturinn yfir i-ið er síðan mikilfenglegur fjallahringurinn í baksýn sem ramar inn fegurð bæjarins.

Við í Heyrnarhjálp þökkum góðar móttökur og óskum bæjarbúum og eigendum Sigló Hótel velfarnaðar og þökkum framsýni þeirra í þessu mikilvæga máli sem snertir okkar fólk mest þegar kemur að byggingum, það er hljóðvistin.

*Með kærleikskveðju,
Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri.*

Ávarp formanns



Fyrir mörgum árum var mér sögð saga af móður sem kom með barn til læknis í heyrnarmælingu þar sem hana grunaði að ekki væri allt með felldu hvað heyrnina varðaði. Grunur móðurinnar reyndist réttur, en barnið reyndist töluvert heyrnarskert þegar niðurstaðan lá fyrir. Viðbrögð læknisins voru að skrifa tilvísun án frekari málalenginga, sem hann síðan afhenti móðurinni með orðunum: „Ætli það sé ekki best að skella í hana heyrnartæki.“ Og með þessum orðum sendi læknirinn móðurina út. Ofangreind saga er sem betur fer ekki lýsandi fyrir stöðu mála í dag, en sagan sýnir ekki einvörðungu skort á nærgætni við foreldri í erfiðum aðstæðum heldur einnig mikið skilningsleysi á því hvað það þýðir að þurfa heyrnartæki.

Þótt margt sé ólíkt hjá börnum og fullorðnum sem greinast með heyrnarskerðingu, sérstaklega ef um mjög ung börn er að ræða, þá er einnig margt líkt með því sem oft gerist í báðum tilfellum. Til dæmis eru fordómar og afneitun algeng í upphafi, en oft líður langur tími áður en einstaklingur sem gerir sér grein fyrir því að eitthvað er að heyrninni lætur til leiðast og lætur mæla í sér heyrnina. Og þegar niðurstaðan er ljós kemur gjarnan upp tregða við að leita sér hjálpar eða að láta sjá sig með heyrnartæki.

Það að fá heyrnartæki er langt ferli, sem reynir á þolinmæðina. Finna þarf tæki sem hentar, taka sér tíma til að venjast tækinu, læra að umgangast það og halda því við. Og ef allt gengur upp þá opnast ýmsir möguleika á viðbótabúnaði, sem hægt er að tengja tækinu og getur hjálpað við ýmsar sértækar aðstæður eins og til dæmis þegar talað er í síma eða fylgst með á fundum.

Alltof margir heltast úr lestinni strax á fyrstu metrunum, til dæmis af því að þeir hafa eytt háum fjárhæðum í að kaupa sér ný tæki, sem síðan reynist ekki henta þegar frá líður. Það tekur nefnilega yfirleitt nokkra mánuði að

venjast nýju heyrnartæki og átta sig á því hvort það hentar eða ekki. Og ef það hentar ekki og veldur meiri óþægindum en gagni, þá er erfitt fyrir marga að réttlæta ný fjárútlát til að prófa önnur tæki, sem ef til vill virka og ef til vill ekki.

En þótt heppnin sé með mönnum og lagt sé af stað með heyrnartæki sem hentar er björninn ekki unninn, en það getur nefnilega reynst mörgum erfitt að halda tækjunum í nothæfu standi. Þetta á ekki síst við um eldra fólk, sem getur bæði átt erfitt með að eiga við jafn fíngerð tæki og nútíma heyrnartæki eru auk þess sem mörg nýrri heyrnartæki krefjast töluverðrar tæknilegrar færni. Einföldustu atriði eins og að skipta um örsma batterí, eða hreinsa fíngerð plaströrin sem tengja heyrnartækið við hlustastykkið geta reynst öldruðu fólki ofviða, hvað þá að stilla tækið með hjálp snjallsíma eða tölvu. Afleiðingin af þessu og því að aldraðir fá hvergi til sín skipulega og reglulega aðstoð við viðhald heyrnartækja, er að víða liggja heyrnartæki ónotuð ofan í skúffu eða það sem verra er, eru ef til vill sett á viðkomandi einstakling án þess að vera í nothæfu standi. Einskonar „heyrnartækjaskraut“.

Vel heppnuð aðlögun að heyrnartæki getur verið lykilatriði í því að halda heyrnarskertum einstaklingi virkum, bæði félagslega og á vinnumarkaði, svo ekki sé minnst á þau auknu lífsgæði sem því fylgir að geta fylgst með því sem gerist í umhverfinu. Kostnaðurinn við það að missa heyrnarskert fólk úr virkni er oft ekki sýnilegur en er engu að síður raunverulegur og er örugglega mun meiri en kostnaðurinn við að veita heyrnarskertum gott aðgengi að heyrnartækjum og þjónustu við þau. Það ætti því að vera áhersluatriði hjá yfirvöldum að vinna gegn fordómum og að bættri stöðu málaflokksins í samvinnu við þá sem þekkja best til, það er heyrnarskert fólk.

Hjörtur Jónsson



Alda og Gylfi hafa orðið!



Það er mikilvægt að auka lífsgæðin

Alda Sigurbrandsdóttir og Gylfi Björgvinsson gengust bæði undir stórar aðgerðir fyrir nokkrum árum, aðgerðir sem hafa skilað mjög góðum árangri og aukið lífsgæði þeirra til mikilla muna. Í eftirfarandi viðtali lýsa þau þessum aðgerðum í stórum dráttum og er óhætt að segja að þar koma fram upplýsingar sem geta komið að góðum notum. En áður en lengra er haldið skulum við aðeins kynnst viðmælendum okkar.

Afdrifarík sýking á fyrsta aldursárinu

Alda ólst upp í Sundunum í Reykjavík þar sem fjölskyldan bjó. Systkynin voru fimm og voru Alda og tvíburasystir hennar einu börnin sem fæddust á spítala en hin þrjú voru fædd heima. Meðan Alda var á spítalanum fékk hún sýkingu í eyrun eins og reyndar fleiri börn á sama tímabili og það varð hennar þrautaganga að takast á við afleiðingarnar um margra ára skeið. Mikil sýklalyfjagjöf skilaði ekki þeim árangri sem að var stefnt og höfðu veikindi Öldu mikil áhrif í uppvexti hennar og skólagöngu. Alla skólagöngunu var Alda mjög viðkvæm fyrir hálsbólgu sem ávallt leiddi út í eyrun og hafði áhrif á

heyrn hennar. Skólagangan gekk þó ágætlega ekki síst þar sem hún hafði kennara sem var mjög skýrmæltur. Alda hafði gott sjónminni og aflaði sér mikillar þekkingar úr bókum því bækurnar voru hennar helsti félagsskapur.

Nýjung sem vakti vonir

Það var ekki þó fyrr en á fullorðinsárunum sem Alda fékk hjálp sem gagnaðist. Friðrik Kristján Guðbrandsson læknir kom heim með nýjung sem hann kallaði staðbundna notkun sýklalyfja, þ.e. að í stað inntöku sýklalyfja voru lyfin gefin beint inn í hið syktu eyra. Þetta hjálpaði en gat þó ekki bætt þann skaða sem þegar var orðinn á hljóðhimnunni. Árið 1980 bjó Alda á Akureyri og fékk heiftarlega ígerð í eyra. Hún leitaði læknis í Reykjavík en þurfti að bíða í eina átta mánuði eftir aðgerð. Því miður skilaði sú aðgerð ekki þeim árangri sem vænst hafði verið og tók þá við ný þrautarganga allt þar til Friðrik Kristján fór að annast hana nokkrum árum síðar. Á þeim tíma var rætt um að gera við þann skaða sem orðinn var á hljóðhimnunni en á þeim tíma hafði Alda ekki kjark í sér til að takast á við það. En meira um það síðar.

Vinnutengt heyrnartap

Gylfi á rætur sínar í Skagafirði og ólst upp í Fljótunum og á það reyndar sameiginlegt með Öldu að hann var eina barn sinna foreldra sem fæddist á spítala. Gylfi fór mjög ungur suður til Reykjavíkur til að vinna en síðan lá leiðin aftur norður til að stunda nám við Bændaskólann á Hólum. Að námi loknu fór hann að vinna á þunga-vinnuvélum en síðan tók við trésmíðanám. Fljótlega eftir að Gylfi var farinn að vinna við trésmíðina fór hann að missa heyrn og telur Gylfi að það séu afleiðingar þess mikla hávaða sem fylgdi vinnunni við hinar ýmsu vélar og tæki sem notuð voru. Þá var það ekki almennt að nota heyrnarhlífir eins og nú er algert skilyrði – það þekktist jafnvel að það væri gert grín að þeim sem notuðu hlífir. Sem betur fer hafa tímarnir breyst hvað þetta snertir.

Þegar Gylfi gerði sér grein fyrir heyrnartapinu fór hann til lækis og í framhaldinu í heyrnarmælingu hjá Heyrnarhjálp. Hann fékk þá heyrnartæki og það tók um það bil mánuð að venjast þeim en síðan gat hann ekki án þeirra verið. Síðan tók við 20–30 ára tímabil þar sem heyrnin var nokkuð stöðug en þá kom mikill afturkeppur og þegar kom fram á ári 2012 var orðið ljóst að eitthvað varð að gera. Svona heyrnartap getur verið svo lúmskt, heyrnin versnar smátt og smátt án þess að viðkomandi átti sig almennilega á því. Og vissulega háir heyrnarskerðingin mönnum á ýmsa vegu en Gylfi lét það í raun aldrei stoppa sig að neinu ráði.

Heyrnin og vinnan

Eins og áður sagði átti Alda sífellt í baráttu við sýkingu í eyrum. Hún hefur lengst af starfað við verslunarstörf, bæði við eigin rekstur og hjá öðrum. Svo vildi til að Heyrnarhjálp var með aðsetur í sama húsi á Snorrabraut og búð Öldu var. Starfskona Heyrnarhjálp hafði orð á því við Öldu hvort hún heyrði illa. Alda svaraði því til að það væri reyndar rétt því hún þyrfti alltaf að sjá þann sem hún væri að tala við. Þá spurði konan: „Ertu þá ekki alltaf mjög þreytt?“ Þá gerði Alda sér grein fyrir hvað þetta var búið að vera gríðarlegt álag öll þessi ár því hún þyrfti stöðugt að vera á varðbergi ef einhver var að koma inn í búðina því þá þyrfti hún strax að snúa sér að viðkomandi því hljóðin sem komu aftan frá höfðu litla merkingu. Við þessa uppakomu gerði hun sér virkilega grein fyrir alvarleika ástandins og ræddi aftur við Friðrik Kristján lækni og var þá ákveðið að gera aðgerðir á eyrunum til að laga hljóðhimnuna. Aðgerðirnar voru gerðar með sex mánaða millibili, sú fyrri síðla árs 2009 og hin síðari í maí 2010. Báðar aðgerðirnar tókust mjög vel en þær voru framkvæmdar á háls- nef og eyrnadeild Borgarspítalans þar sem starfar mikið af hæfu fagfólki á þessu sviði og Friðrik Kristján sjálfur gerði aðgerðina.

Ný hljóðhimna

Lýsing Öldu á aðgerðunum er afar fróðleg en hún fólst í því að koma fyrir nýjum hljóðhimnum í eyrunum en eins og áður hefur komið fram voru hljóðhimnur hennar mjög



... þá var það ekki almennt að nota heyrnarhlífir eins og nú er algert skilyrði – það þekktist jafnvel að það væri gert grín að þeim sem notuðu hlífir. Sem betur fer hafa tímarnir breyst hvað þetta snertir.

skaddaðar vegna sýkinga. Sjálf aðgerðin tekur um einn klukkutíma og síðan tekur við lega á spítalanum þar sem gefið er sýklalyf í æð því aðalatriðið er að koma í veg fyrir að sýking eigi sér stað. Aðgerðin hefst á því að rétt framan við eyrað er gerður skurður og þar tekinn lítill vöðvi og hann er síðan notaður sem ný hljóðhimna. Aðgerðin er mjög vandasöm bæði fyrir lækinn og sjúklinginn og mjög viðkvæmur sá tími sem á eftir fylgir. Ekki má hnerra eða hósta og það er varla fyrr en eftir nokkrar hálsbólgur að í ljós kemur hvort aðgerðin hefur heppnast til fulls. Fyrri aðgerðin var gerð á „betra“ eyranu og sex mánuðum síðar var „verra“ eyrað tekið en sú aðgerð var öllu meiri því sjálf eyrnagöngin voru sködduð eftir aðgerðina sem gerð var 1980. Þegar upp var staðið tókst vel til í báðum tilfellunum.

Heyrnin hjá Öldu lagaðist smátt og smátt á næstu mánuðum þar sem hin nýja hljóðhimna aðlagði sig að nýju hlutverki. Áhrifin voru stórkostleg og m.a. fór Alda um sumarið að heyra fuglasöng jafnvel þó hún sæti inni í lokuðum bíl sínum. Þetta var algjört „vá“ augnablik. Annað sambærilegt augnablik kom svo þegar Alda sat nokkru síðar í sólbaði með lokuð augu og spurði þá mág sinn hvaða hljóð hún væri að heyra og kom þá í ljós að hljóðið kom frá blæaösp sem hún hafði aldrei áður heyrt í. Einnig varð mikil breyting í vinnunni því nú heyrði hún ágætlega í öðru fólki, bæði samstarfsfólki og viðskiptavinum og skipti ekki lengur máli hvar viðkomandi stóð. Þvílíkur léttir!

Kuðungsígræðslan

Aðgerðin sem Gylfi fór í var annars eðlis en það var svo-

**Kuðungsígræðslutæki er
hjálpartæki sem gefur alvarlega
heyrnarskertu og heyrnarlausu
fólki möguleika á að heyra hljóð.**

**Tækið framkallar hljóðáhrif
með því að örva heyrnartaugina
með rafmagni.**

**Kuðungsígræðslutækið er
samsett úr innri hluta, sem er
græddur í eyrað með aðgerð, og
ytri búnaði, sem borinn er aftan
við eyrað. Hlutinn sem græddur
er í eyrað er samsettur úr
viðtæki og rafskauti með
mörgum rásum, en ytri hlutinn
úr hljóðnema, sendi og talgervli
sem er stilltur fyrir hvern og
einn notanda. Talgervillinn er
annað hvort vasatæki eða
staðsettur bak við eyrað, svipað
og hefðbundin heyrnartæki.**



Heyrnin hjá Öldu lagaðist smátt og smátt á næstu mánuðum þar sem hin nýja hljóðhimna aðlagði sig að nýju hlutverki. Áhrifin voru stórkostleg og m.a. fór Alda um sumarið að heyra fuglasöng jafnvel þó hún sæti inni í lokuðum bíl sínum. Þetta var algjört „vá“ augnablik

nefnd kuðungsígræðsla. Aðspurður sagðist hann hafa á árinu 2012 farið í heyrnarmælingu hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og kom þá í ljós að ástandið var orðið mjög slæmt. Þar er Ingibjörg Hinriksdóttir yfirlæknir og sagði hún Gylfa frá kuðungsígræðslunni og hvatti hún hann til að skoða hvort þannig aðgerð væri eitthvað fyrir hann og var Gylfi strax jákvæður gagnvart því. Sá sem framkvæmdi þessar aðgerðir var sænski læknirinn Anders Freijd og framkvæmdi hann þær á Karolinska sjúkrahúsinu í Huddinge. En nú stóð svo á að hann var á leið til landsins þá um vorið til að framkvæma fjórar aðgerðir á Borgarspítalanum og taldi Ingibjörg möguleika á því að einn aðilinn myndi forfallast og hvatti hún Gylfa til að sækjast eftir því plássi sem hann og gerði og komst í hópinn.

Það fór fram mikill undirbúningur áður en kom að sjálfri aðgerðinni – fundir með læknum, talmeinafræðingi, hljóðfræðingum og fleirum á HTÍ. Einnig var haldinn fjölskyldufundur með eiginkonu og börnum sem fengu góðar upplýsingar um hvernig allt myndi virka. Gylfa fannst mjög fagmannlega að öllu staðið en einna merkilegast þótti honum þegar honum var sagt að öll hljóð þyrftu að lærast upp á nýtt. Hann átti erfitt með að skilja það á þeim tímapunkti en það kom síðar.

Gylfi var kallaður inn daginn áður en aðgerðin átti að fara fram og voru þá teknar blóðprufur og ýmsar mælingar gerðar. Fékk hann m.a. sprautu sem átti að verja hann gegn heilahimnubólgu. Þarna hitti hann sænska lækinn sem skoðaði hann og merkti á höfuðið þar sem hann ætlaði að skera daginn eftir. Læknirinn var frekar fámáll en virkaði hinn öruggasti. Síðan fór Gylfi heim, kom aftur

daginn eftir og var aðgerðin gerð um hádegið. Aðgerðin tók drjúga stund og vaknaði hann ekki fyrr en um kvöldið og leið honum þá mjög undarlega. Það voru heilmiklar umbúðir á höfðinu og hafði hann á tilfinningunni að það væri svöðusár á höfðinu. Honum fannst umbúðirnar lausar og var alltaf að reyna að laga þær til!

Um kvöldið komu svo á stofugang þau Ingibjörg og Anders sem nú var hinn hressasti, brosti og talaði mikið og sagði að aðgerðin hefði tekist vel. Þá svipti hann umbúðunum af í einum rikk og fannst Gylfa sem höfuðið myndi fjúka af í leiðinni en það gerðist nú ekki og allt reyndist í besta lagi. Hann fór svo heim eftir einn dag á spítalanum. Gylfi lýsir aðgerðinni á þann veg að ytra eyrað er losað að hluta frá til að auðvelda aðganginn að kuðungnum í innra eyra. Þá er kuðungurinn skorinn upp og inn í hann eru settur rafþráður, einskonafrásleiðari, og kuðungnum síðan lokað aftur. Þessi hluti aðgerðarinnar tók langan tíma. Síðan er móttakari settur undir húðina aftan við eyrað og þaðan tengt í þráðinn sem settur var í kuðunginn. Ytra eyrað er síðan saumað á aftur. Hálfum mánuði síðar var svo ytri búnaðurinn, þ.e. hljóðneminn, settur á eyrað og hluti búnaðarins felldur á móti sendinum undir húðinni og þá haldast þessir hlutar saman með segli. Og nú tók við langt þjálfunarferli við að stilla saman nýja tækjabúnaðinn og skynfæri heyrnarinnar. Eitt vandamálið var sjálf heyrnartaugin sem þurfti að þjálfa alveg upp á nýtt. Þegar kveikt var á tækinu í fyrsta sinn lýsti Gylfi því þannig að það hefði verið eins og hann væri með páfagauk á öxlinni sem át allt upp sem sagt var. En meir um það síðar.

Eftirköst og endurhæfing

Það er kunnara en frá þurfi að segja að aðgerð á sjúkrahúsi er aldrei einangrað atvik – henni geta fylgt eftirköst eða endurhæfing. Alda er því spurð hvað hafi gilt í hennar tilfelli. Þurfti hún e.t.v. að fara í eftirmeðferð? Alda kvað það ekki vera svo því heyrnin hefði bara batnað eftir því sem tíminn leið og hljóðnotkunin varð bara sífellt betri. Sennilega nær það þó einhverju hámarki og gæti því síðar meir þurft að grípa til heyrnartækis en það kemur þá bara í ljós. Það sem var mikilvægast í hennar tilfelli var að koma í veg fyrir ígerðir sem voru ávallt erfiðar. Reyndar var einn fylgikvilli sem hún komst að eftir aðgerðina og það var að þegar skorið var fyrir vöðvunum sem settir voru inn í eyrað þá var skorin í sundur bragðtaug og því breyttist bragðskynið. Alda bar þetta undir Friðrik Kristján og þá hló hann við og sagist hafa gleymt að segja frá þessum fylgikvilla. En það lagast á einu ári sagði hann og það stóð heima. Að öðru leyti sagði Alda að þessar aðgerðir og hversu vel tókst til hefðu verið einsog hún sagði algjörir „livesaver“ og þýddu stórkostlega breytingu á lífsgæðum hennar.

Dansinn léttir lífið

Greinarhöfundinn finnst tilvalið að skjóta hér inn annarskonar lýsingu á viðmælendunum Öldu og Gylfa. Þau eru

bæði einstaklega glaðlynt fólk með mikla útgeislun. Dans skipar stóran sess í þeirra lífi og eru þau bæði félagar í samtökunum Komið og dansið en öll fimmtudagskvöld eru haldnir æfingadansleikir auk annarra dansleikja og skemmtana. Alda er sömuleiðis í gönguhóp sem er nokkurs konar angi út úr danshópnum. Sagði Alda að mikill hlátur og gleði væri aðalsmerki þessara hópa. Gylfi tók undir þetta og sagði að einnig væru hann og kona hans í hópi með fólki sem ferðast um landið í húsbílum og er oft glatt á hjalla í þeim hópi. Mikil lifandi tónlist og söngur.

Erfiður aðlögunartími

En áfram með frásögnina. Þegar Gylfi var kominn heim af spítalanum tók við erfiður tími. Í fyrsta lagi var honum alltaf kalt á höfðinu og honum fannst sem allt væri hringlandi laust í hausnum. Hann hafði stöðuga verki og þurfti að taka lyf við þeim og mátti ekki muna fimm mínútum á lyfjatökunni þá urðu verkirnir óbærilegir. Hann átti erfitt með jafnvægið því líklegast hefði aðgerðin valdið einhverjum bólgum nálægt jafnvægstauga-
inni. Hann átti einnig erfitt með að sitja í bíl því minnstu ójöfnur höfðu óþægindi í för með sér. Þannig var þetta fyrstu þrjár vikurnar eða svo. Svo bættist við heyrnarleysið. Við aðgerðina var náttúruleg heyrn tekin af betra eyranu og á meðan ekki var búið að tengja tækin þá varð að notast við verra eyrað sem var mjög lélegt.

Svo hófst endurhæfingin hjá Heyrnar- og talmeina-
stöðinni. Þeirra sérfræðingar, læknafræðingar og talmeinafræðingar veittu honum þjálfun og Gylfi var m.a. sendur heim með hljóðsnældur sem hann hlustaði á aftur og aftur. Hann var duglegur því hann fann að þetta virkaði vel. Og Gylfi lét þetta ekki nægja því hann bætti tónlistinni við, spilaði á píanó lög sem hann kunni og hélt uppá og til að byrja með hljómuðu þau kolvitlaust svo hann spilaði þau aftur og aftur þangað hann gat heyrt að þau voru farin að hljóma eins og þau áttu að gera. Gylfi fór líka út í sveit þar sem hann lagðist í grasið og hlustaði á lóuna og spóann með athygli þar til hann var viss um að hann þekkti söng lóunnar. Gylfi er viss um að hann hafi verið álitinn eitthvað skýrtinn á þessu tímabili en hvað sem því leið má segja að eftir tvo til þrjá mánuði hafi allt verið orðið nokkuð eðlilegt en allt ferlið tók um eitt ár og með góðum árangri sem ekki hvað síst var að þakka góðri aðstoð sérfræðinganna á HTÍ.

Lokaorð

Það er samdóma álit þeirra Öldu og Gylfa að þær aðgerðir sem þau hafa hér lýst hafa skilað sér í mjög auknum lífsgæðum. Þeim er því ofarlega í huga mikið þakklæti til allra þeirra sem áttu þátt í að allt þetta ferli gekk svo vel. Alda lýsti þessu mjög vel í því sem hún sagði um sinn lækni Friðrik Kristján: „Hann á hjarta mitt.“

Helgi Hólm



Á myndinni sést vel hvar sýningartjaldið blasir við kirkjugestum með mjög læsilegum texta og skyggir á engan hátt hvorki á prestinn Jóhönnu Gísladóttur né á kirkjukórinn.

Mynd: Skúli Hólm Hauksson.

Enn er langt í land varðandi almenna rittúlkun

Eitt af baráttumálum Heyrnarhjálpar er að rittúlkun verði viðurkennd sem aðgengisleið heyrnarskertra og að allt sjónvarpsefni sé textað. Jafnframt berst félagið fyrir því að opinber fjárframlög verði fyrir hendi til að greiða fyrir alla almenna rittúlkaþjónustu því þörfin er fyrir hendi á svo mörgum sviðum.

Sem dæmi má nefna á ráðstefnum, í skólum, á læknaðstofum, á sjúkrahúsum, hjá lögfræðingum, hjá lögreglu, í dómsal, á húsfundum, á foreldrafundum, á námskeiðum og samkomum svo eitthvað sé nefnt.

Þá hefur Heyrnarhjálp ítekað vakið athygli á því að hér á landi er enga menntun að fá fyrir rittúlka en slík menntun hefur verið til staðar um nokkurt skeið á flestum hinna Norðurlandanna. Á Alþingi hefur tvö ár í röð verið lagt fram frumvarp til breytinga á fjölmiðlalögum og með þeim breytingum skyldi lögð meiri skylda á fjölmiðla að texta útsent efni hvaðan svo sem það væri komið. Það er bráðnauðsynlegt að samskonar frumvarp verði lagt fram á nýju þingi.

Messa í Langholtskirkju

Sunnudaginn 26. nóvember s.l. fór fram messa í Langholtskirkju í samvinnu Langholtskirkju og Heyrnarhjálpar. Þórný Björk Jakobsdóttir rittúlkur aðstoðaði við messuna við að varpa jafnóðum upp á tjald texta af öllu því sem sagt var eða sungið. Að messu lokinni átti ritstjóri Fréttabréfsins spjall við Jóhönnu Gísladóttur prest, Þórnýju Björk og Kolbrúnu Stefánsdóttur framkvæmdastjóra Heyrnarhjálpar. Rittúlkunin fer fram á þann veg að túlk-

urinn hefur fyrirfram ákveðinn texta hjá sér á tölvu og varpar honum jafnóðum á sýningartjald. Jafnframt bætir túlkurinn inn lýsingu á því sem fram fer, t.d. klukkna-hringing, forspil, blessun.

Kirkjuathöfn sem þessari er ætlað að vekja athygli á og kynna rittúlkun sem góða leið fyrir heyrnarskert fólk til að njóta kirkjuathafnar eins vel og kostur er. Kolbrún sagði frá því að þetta samstarf hafi byrjað á 75 ára afmæli Heyrnarhjálpar og 60 ára afmæli Langholtskirkju. Þá voru settar á dagskrá fimm messur á því ári og komu þar fram þjóðþekktir menn sem lásu upp eða fluttu tónlist. Má þar nefna Árna Bergmann, Guðmund Andra Thorsson og Bubba Morthens. Allar voru messurnar rittúlkaðar og þóttu takast vel. Síðan var ákveðið að ein rittúlkuð messa árlega yrði áfram samstarfsverkefni og hefur Jóhanna séð um um þær síðustu fjórar en Þórný hefur aðstoðað við allar messurnar.

Aðspurð sagði Jóhanna að reynslan af þessum messum væri mjög góð og hún telur þetta nauðsynlegt form og í

raun auðvelt í framkvæmd. Hún sagði það misskilning að það væri erfitt að rittúlka svona opinberar athafnir eða aðrar slíkar. Prestar og aðrir sem sjá um slíkar athafnir eru oftast búnir að ákveða fyrirfram hvað þeir ætla að segja og geta því afhent túlki textann fyrirfram. Hvað Jóhönnu sjálfa áhrærir þá er hún ávallt búin að senda Þórnýju það sem hún mun segja og ef brugðið er frá textanum er lítið mál að bæta því við á staðnum. Það sem Jóhanna hefur síðan upplifað er að það eru ekki aðeins þeir sem heyra illa sem njóta rittúlkunarinnar því flestum öðrum finnst stuðningur í því að geta fylgst með hinum ritaða texta. Þetta á ekki hvað síst við um sálma-söng sem og annan söngflutning. Jóhanna bætir því við að við ýmis önnur tilfelli sé textum varpað upp og ávallt sé því vel tekið. Parna er ekki bara um söngtexta að ræða heldur líka annan texta sem kemur fram í viðkomandi athöfn. Hér er að sjálfsögðu ekki um rittúlkun að ræða en þetta auðveldar kirkjugestum að fylgjast með í athöfninni.



Hér þarf að koma myndatexti!!

Mismunun varðandi rittúlkun

Þórný Björk rittúlkur hefur starfað sem slíkur um langt skeið. Um miðjan tíunda áratuginn starfaði hún á sumrin sem dómtúlkur en er hún ár heimavinnandi á árinu 1994 var hringt frá Samskiptastöð heyrnarskertra og heyrnarlausra og var hún beðin um að rittúlka dönsku fyrir semanda. Ástæða þess að ég var beðin er sú að það var dómritari sem ég hafði starfað með sem hringdi í mig en hún vissi að Þórný var fljót á lyklaborði og að kynni dönsku. Svona geta nú tilviljanirnar verið. Áður nefndur dönskutími féll hinsvegar niður en í stað kom í ljós að heyrnarskertan nemenda í Háskólanum vantaði rittúlkun og tók Þórný því við að rittúlka íslensku þá um haustið og þá varð ekki aftur snúið. Þórný er að mestu leyti sjálf-

menntuð sem rittúlkur en árið 2004 úrskrifaðist hún sem táknmálstúlkur.

Messur eru strembið form til að rittúlka

Þórný útskýrði að eins og þetta er gert í þessum messum þá er þetta í raun ekki rittúlkun. Rittúlkun á alltaf að vera gerð í rauntíma þannig að undantekningin er sú að það er ekki gert. Það er nefnilega mjög erfitt að rittúlka messur af því hvað þær eru fastar í forminu og oft erfitt að heyra hvað viðkomandi segir. Ég rittúlkaði fyrstu messuna og sá að það gekk ekki upp því ég var alltaf á eftir og missti af einhverju mikilvægu, til dæmis var erfitt að ná ritningarlestrinum og fleiru því orðfarið er annað en almennt er notað í dag. Í næstu messu sem var rittúlkuð var ég búin að setja upp eins mikið fyrirfram og ég gat svo að ég myndi ekki lenda í því sama. Áður þurfti ég að setja allt inn og púsla þessu saman og vinnan fór að mestu leyti fram áður en messan var haldin. Með tímanum hefur þetta þróast í það sem það er í dag, nú fæ ég handrit frá prestinum til að allir geti tekið þátt á sama tíma.

Lítið fjármagn frá hinu opinbera stendur rittúlkun fyrir þrifum

Í Fréttabréfi Heyrnarhjálpar árið 2013 var birt grein eftir Þórnýju þar sem hún lýsir því hver væri staðan varðandi rittúlkun og kom þar fram að þar væri við ramman reip að draga. Aðspurð sagði Þórný að í raun hefði ekki mikið breyst frá því hún ritaði sína grein - kannski fyrst og fremst vegna þess að hið opinbera og stofnanir þess greiða ekki fyrir þessa þjónustu nema í einstaka tilfellum, s.s. varðandi heilbrigðisþjónustu, í menntakerfinu og dómskerfinu. Það gildir ekki það sama og um táknmálstúlkun sem Samskiptamiðstöðin greiðir fyrir eins og kveðið er á í lögum þar um. Það er því undir hælinn lagt hvort einstaklingar, félagasamtök eða fyrirtæki eru tilbúin að greiða fyrir rittúlkaþjónustu. Ef það er ekki fyrir hendi þá er ljóst að margir eiga þess lítinn kost að fylgjast með því sem fram fer. Ef hægt væri að sækja um í einhvern opinberan sjóð sem stæði straum af rittúlkaþjónustu þá er Þórný viss um að rittúlkun myndi aukast því þörfin er svo sannarlega fyrir hendi.

Kolbrún taldi að öll textun væri mikilvæg fyrir heyrnarskerta og sagði frá því að í umsögn Heyrnarhjálpar um áðurnefnt frumvarp um breytingar á fjölmiðlalögum að textun myndefnis væri eitt stærsta hagsmunamál heyrnarskerts fólks og forsenda þess að það geti fylgst með mál-efnum líðandi stundar og menningarviðburðum og væri það grundvöllurinn að virkri þátttöku þess í íslensku þjóðfélagi.

TEXTINN ER MÁLIÐ

Fleira áhugavert var til umræðu en hér skal látið staðar numið.

MINNINGARKORT TIL STYRKTA HEYRNARHJÁLPA

Heyrnarhjálp minnir á minningarkort félagsins.

Nú er hægt að skrá minningargjafir
á heimasíðunni, í tölvupósti eða í síma
á opnunartíma skrifstofunnar.

heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is og
www.heyrnarhjalp.is

Opið 9-12 alla morgna nema föstudaga. Sími 5515895

Helstu orsakir heyrnartaps

Það er æði margt sem kemur á óvart þegar málefni varðandi heyrnarleysi og heyrnarskerðingu eru skoðuð. Ég nefni hér nokkur atriði: Um 5% þjóðarinnar (tæp 12.000.) eru svo heyrnarskert að heyrnartæki eru nauðsynleg ef viðkomandi vill geta tekið á þátt í daglegu lífi á viðunandi hátt. Þessu til viðbótar er talið að á Íslandi séu á bilinu 40–50 þúsund manns sem býr við einhverja heyrnarskerðingu. Ef við setjum það í stærra samhengi þá jafngilti það því að um 40 milljón Bandaríkjamanna byggji við einhverja heyrnarskerðingu!

Önnur staðreynd kom einnig á óvart en það var að mjög margir bíða á bilinu sjö til tíu ár með að fá sér heyrnartæki. Þegar það er svo tekið með í reikninginn að flestir eru komnir á efri ár þegar þörfin á heyrnartækjum er orðin brýn þá er ljóst að verið er að afsala sér miklum lífsgæðum.

Fræðilegar upplýsingar

Nú var forvitni mín vakin fyrir alvöru og því hélt ég á fund Sigríðar Sveinsdóttur háls- nef og eyrnalæknis til að fræðast um hina læknisfræðilegu hlið heyrnarleysis og heyrnarskerðingar. Ég gef Sigríði orðið: „Orsakir heyrnarleysis og heyrnarskerðingar eru margvíslegar. Algengustu ástæður heyrnarskerðingar hjá fullorðnum eru annars vegar aldurstengdar breytingar í innra eyra og hins vegar skemmdir vegna hávaða sem viðkomandi hefur verið útsettur fyrir, jafnvel geta þau áhrif komið fram löngu seinna og þá bætast oft aldurstengdu áhrifin ofaná. Hvað hávaðaskemmdir varðar er von til að slík tilfelli verði færri í framtíðinni því nú má fullyrða að mun algengara sé að nota heyrnarhlífir þar sem hávaði kemur við sögu. Ýmsar fagstéttir nota núorðið eyrnatappa sem sía út hljóð sem geta valdið skaða. Hér má nefna hljómlistarmenn og



flugfreyjur sem dæmi. Hjá börnum geta tíðar sýkingar og vökvi í eyrum valdið heyrnarskerðingu um tíma sem þó sjaldnast veldur skemmdum á heyrn til frambúðar. Langvarandi vökvi í eyrum getur þó valdið tímabundinni heyrnarskerðingu sem má leysa t.d. með því að setja rör í eyru eins og margir foreldrar þekkja. Ættge ngir gallar geta valdið því að heyrn tapast mun fyrir á ævinni en búist hefði verið við og eins geta börn fæðst heyrnarskert þó það sé fátítt.“

Heyrnartap getur verið ættgengt

Eins og fram hefur komið hjá Sigríði er ljóst að fólk tapar heyrn þegar aldurinn færist yfir. En einnig er ljóst að heyrnartap er meira í sumum ættum en öðrum og það ætti því að vera vísbending til margra að fara í

heyrnarpróf. Ég spurði því Sigríði hvaða ráð fólk fengi hjá læknum eftir að það hefur komið í heyrnarpróf: „Þegar heyrnarprófin sýna að um umtalsvert heyrnartap er að ræða þá er viðkomandi bent á að fara til þeirra aðila sem eru með heyrnartæki til sölu. Þetta er t.d. Heyrnar- og talmeinaðstöðin og nokkrir einkaaðilar til viðbótar. Allir þessir aðilar eru með sérfræðinga á sínum snærum sem geta veitt aðstoð og viðhlýtandi ráð. Það er síðan undir viðkomandi komið hvernig það ferli er.

Biðtími til spillis – hvað er til ráða

Eins og áður hefur komið fram þá er talið að margir bíði í ein sjö til tíu ár með að fá sér heyrnartæki. Ég spurði Sigríði hvað hún teldi að hægt væri að gera til að stytta þennan biðtíma: „Umræða og fræðsla fyrst og fremst. Einnig mætti kostnaðarþátttaka hins opinbera vera meiri og einnig er það mjög jákvætt að að hægt er að fá heyrnartæki lánuð í einhvern tíma meðan verið er að hugsa um að taka skrefið til fulls.“



Á þessa opnu kemur sagan





Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeina- stöðvar Íslands (HTÍ)



Á þeim tímum sem nú eru uppi er auðvelt að afla upplýsinga um ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem veita almenningi þjónustu og stuðning á fjölmörgum sviðum. Þar koma til ágætar heimasíður sem verða algengari og betri með hverjum deginum. Á heimasíðu Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands www.hti.is má lesa að HTÍ er miðstöð þekkingar í heyrnar- og talmeinum á Íslandi og starfar eftir sérstökum lögum frá Alþingi frá árinu 2007. Þar er veitt þjónustu á landsvísu og er það hlutverk HTÍ að þjóna þeim sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða með talmein. Því hlutverki er sinnt með því að veita viðtæka þjónustu á sviði heyrnar- og talmeina fyrir börn, fullorðna og fjölskyldur þeirra, án tillits til stigs heyrnarskerðingar eða talmeina. Stöðin er leiðandi á sínu sviði og mun halda áfram að afla og miðla þekkingu um heyrnar- og talmein bæði hjá almenningi og fagaðilum. Hvatt er til aukinna rannsókna á sviði heyrnar- og talmeina jafnframt því að vera leiðandi í rannsóknum á þessu sviði. Markmið stöðvarinnar er að veita fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu á sviði heyrnar- og talmeina.

Forstjóri stöðvarinnar er Kristján Sverrisson og hefur hann gegnt því starfi í fjögur ár. Við Kristján áttum fyrir stuttu fund þar sem ég fékk fróðlegan fyrirlestur um hlutverk eyrans og studdist hann þar við ítarlegt kort sem hékk upp á vegg. Í kjölfarið áttum við gott samtal um helstu viðfangsefni HTÍ og fara hér á eftir nokkrir punktar úr því samtali.

Kuðungsígræðslur

Hið fyrsta sem kom til umræðu var aðkoma stöðvarinnar að kuðungsígræðslum en einmitt þennan dag var verið að framkvæma aðgerð á hundraðasta einstaklingnum sem fær slíka ígræðslu á Íslandi! Sá árangur sem næst með

þeirri aðgerð er í mörgum tilvikum nánast kraftaverk. Fólk sem fæðist heyrnarlaust eða missir heyrn vegna ýmissa sjúkdóma fær ágæta heyrn með þeim tækjum sem sett eru upp í aðgerðinni. Þess verður að gæta að ekki má bíða lengi með að gera aðgerð á börnum sem fæðast heyrnarlaus því ef beðið er lengur en fjögur ár þá er heilinn ekki lengur fær um að túlka boðin sem berast til hans – heyrnarstöðvar heilans mega ekki vera lengur en það án eðlilegrar örvunar.

Þar til nýlega hafa sænskir læknar annast þessar aðgerðir bæði í Huddinge og á Landspítalanum en nú eru aðgerðirnar gerðar af íslenskum skurðlæknum hér heima. Síðan eru það læknar og aðrir sérfræðingar Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar sem sjá um þjálfun og endurhæfingu, að kenna á tækin og stilla þau fyrir hvern og einn notenda. Það ferli getur tekið drjúgan tíma, jafnvel upp í eitt ár. Rétt er að geta þess að á heimasíðu HTÍ má sjá góðar upplýsingar á öllu ferlinu varðandi kuðungsígræðslu.

Heyrnarleysi og heyrnarskerðing á Íslandi

Almennt má telja að um 5% íbúa búa við heyrnarskerðingu en sú prósent er mikið hærri meðal aldraðra. Þannig séu 15-20 þúsund einstaklingar á Íslandi heyrnarskertir eða heyrnarlausir. Kristján nefndi að um tíu til ellefu þúsund manns væru með heyrnartæki en eitt til tvö þúsund notuðu þau lítið sem ekkert. Það er einkenni á heyrnartapi að það gerist hægt og bítandi og því finnst mörgum ekki taka því að gera neitt í málunum fyrr en það er orðið næstum of seint – almennt komi fólk tíu árum of seint til greiningar og meðferðar. Þá er ástandið orðið það slæmt að erfitt er að bjarga málum. Þetta hefur þá á ýmsan hátt skapað lakari lífsgæði m.a. vegna þess að fólk einangrast.

Heyrnar- og talmeinstöðin hefur nýlega greint niður-


stöður svonefndar RAI þjónustufarkönnunar á hjúkr-unarheimilum árin 2004, 2009 og 2014, þ.e. á fimm ára fresti. Þá hefur sérstaklega verið hugað að sjón og heyrn, einnig skoðuð vitræn geta og þátttaka í félagslífi. Niður-stöðurnar eru sláandi því staðan versnar mikið milli kannana og það er verulega stór hópur sem er það mikið sjón- og heyrnarskertur að þeir einstaklingar telja sig eiga erfitt með að tjá sig eða skilja aðra.

Skipting þjónustuþega

Heyrnarlausir þ.e. döff og táknmálstalandi eru 170-180 hér á landi. Eitt hundrað heyrnarlausir til viðbótar tala síðan talmál því þeir hafa fengið kuðungsígræðslu og nýta lítið táknmál og geta t.d. verið án táknmálstúlkunar. Svo er hópur mjög alvarlega heyrnaskertra einstaklinga, um 600–650 sem eru í meðferð hjá stöðinni einkum fullorðnir en einnig fólk á öllum aldri. Fyrir marga þessara einstaklinga er heyrnarskerðing mikil fötlun og þeir eiga jafnvel erfitt með að stunda vinnu. Síðan má nefna annan nokkuð stóran hóp sem er alveg heyrnarlaus á öðru eyranu en fær engan stuðning í formi greiðsluþátttöku fyrir heyrnartæki því það er alltaf miðað við betra eyrað.

Heyrnartæki og þróun þeirra

Kristján sagði að á undanförnum tíu til fimmtán árum hefðu átt sér stað gríðarlegar framfarir því örtölvutæknin gerði það að verkum að heyrnartækin yrðu stöðugt fyrirferðarminni en um leið öflugri á allan máta. Tækin tengja einstaklinginn beint við umhverfið á ýmsa vegu, við símann, sjónvarpið, tónmökva þar sem hann er fyrir hendi og þannig mætti lengi telja auk þess sem hægt er að stýra því hvað hljóð menn vilja að berist þeim. Með þeirri fjölbreytni sem nú er fyrir hendi er nauðsynlegt að tækin séu valin með hliðsjón af þeirri aðstöðu sem hver og einn er í. Notandi sem er t.d. í fullri vinnu þarf væntanlega þau fullkomnustu tæki sem völ er á meðan aðrir gera ekki jafn miklar kröfur. Það sem er þó mikilvægast hvað varðar tæknina er að hljóðin verða



mjög skýr og tækin eru stillt eins og hentar hverjum og einum. Hér gildir að sjálfsgöðu að þeir sem selja heyrnartæki þurfa að vanda ráðgjöf sína þegar til þeirra er leitað.

Heyrnarskerðing er vanmetin fötlun

Eins og gefur að skilja fóru umræðurnar út og suður og í allar áttir því vandamálin sem heyrnaskertir standa frammi fyrir eru af mismunandi toga. Kristján taldi mikilvægt að þeir sem væru haldnir þessi alvarlega fötlun fengju meiri og betri þjónustu. Það þyrfti að grípa mun fyrr til viðhlítandi ráðstafana því staðreyndin væri að almennt væri beðið of lengi með að fá heyrnartæki eða gera aðgerðir sem geta bætt lífsgæði fólks til margra ára. Þar að auki er um öryggisatriði að ræða því heyrnarskertir fara mikils á mis í umhverfinu sem og í almennum sam-skiptum.

Mikilvægi rittúlkunar fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa

Við ræddum einnig um textun efnis og rittúlkun og kvað Kristján að textun skipti gríðarlega miklu máli, sérstaklega fyrir þá sem eldri eru. En vegna þess að rittúlkun hefur ekki sömu stöðu og táknmálstúlkun, þ.e. er lítið eða ekki niðurgreidd af hinu opinbera, þá er hún lítið notuð. Nefndi hann sem dæmi að ef mjög heyrnarskertur sjúklingur eða heyrnarlaus einstaklingur sem ekki kann táknmál þarf að leita til læknis eða á opinbera stofnun þá ætti viðkomandi að geta pantað rittúlk. Á slíkum stöðum er gjarnan sagt að þess þurfi ekki því hann fái skriflega á blaði það sem hann þurfi að vita. En það er engan veginn nóg. Rittúlkun er allt annað og meira en einhver texti á blaði því hjá rittúlki kemur allt fram sem gert er og sagt. Kristján telur að á þessu sviði muni tæknin og talgervlar eiga mikinn þátt í að leysa þetta vandamál. Innan fárra ára verði hægt að taka allt tal upp í símanum sem muni jafnóðum breyta því í ritaðan texta. Þetta muni eflaust gerast áður en samþykkt verður að greiða almennt fyrir þjónustu rittúlka.

Helgi Hólm



Líf til jafns við aðra

Þuríður Harpa Sigurðardóttir nýkjörinn formaður Öryrkjabandalags Íslands ræddi verkefnin framundan við Fréttabréf Heyrnarhjalpar. Þuríður hlaut kjör sem formaður í lok október og var þegar spjallið átti sér stað enn að setja sig inn í nýtt hlutverk.

Þuríður Harpa er með BA próf í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hún lauk diplómanámi í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands 2015. Síðustu 13 ár hefur hún gengt starfi framkvæmdastjóra prentsmiðju og auglýsingastofu á Sauðárkróki, og meðal annars gefið vikulega út svæðisfréttablað og dagskrárblað auk ýmissa prent- og hönnunarverkefna.

– Hvernig kom það til að þú ákvaðst að láta slag standa og bjóða þig fram til formanns?

„Ég er búin að vinna mikið í verkefnum tengdum fötlun fólki síðastliðin tíu ár. Varð formaður Sjálfsbjargar í Skagafirði 2010 og var varaformaður og í stjórn Sjálfsbjargar lsh. nú síðast auk þess að vinna talsvert inn í ÖBÍ bæði í málefnaþróun og hópi um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á þessum tíma hef ég uppgötvað að víða er pottur brotin varðandi málefni fatlaðs fólks og mér finnst þörf á meiri baráttu fyrir öryrkja sem eru margir verulega illa staddir. Ég var hvött til að bjóða mig fram og ákvað að slá til núna.“

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað árið 1961 og eru hagsmuna- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks. Aðildarfélag bandalagsins eru 41. Þau eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa, aðstandenda- og sjúklingafélaga með sérþekkingu á sínu sviði og veita margskonar fræðslu og stuðning. Þá rekur ÖBÍ nokkur fyrirtæki sem meðal annars reka íbúðir, veita starfsþjálfun og sinna stuðningi.

– Formaður ÖBÍ er talsverð áhrifastaða enda risavaxin samtök sem tala máli stórs hóps. Hvernig sérðu fyrir þér að beita áhrifum hins nýja embættis?

„Sem formaður ÖBÍ vinn ég auðvitað fyrir öll aðildarfélögin. Þau eiga margt sameiginlegt þó aðildarfélögin sé mjög breytilegur hópur, má t.d. nefna kjörin og það að öryrkjar eiga mjög erfitt uppdráttar í okkar þjóðfélagi en okkar fólk er oft



jaðarsett og hefur litla möguleika á atvinnu og lifir því jafnvel í sárri fátækt. Mánaðarlegar greiðslur til öryrkja frá TR og lífeyrissjóðum eru lágar og skerðingar miklar má þar nefna krónu á móti krónu skerðinguna, fólk er því allar bjargir bannaðar og er ómögulegt að lifa af þessari framfærslu.

Erfiðast er að upplifa skilningsleysi stjórnvalda og jafnvel fíringu sem draga upp tölur sem eiga að sýna betri afkomu fólks almennt, aukinn kaupmátt o.s.frv. Meinið er að þetta á allsekki við um stóran hóp öryrkja, það fólk sem á ekki fyrir nauðsynjum s.s. húsnæði, mat, lyfjum, læknisþjónustu, klæðnaði, það finnur ekki kaupmáttaraukninguna. Stjórnvöldum á ekki finnst það eðlilegt að öryrkjar dragi varla fram lífið. Fólk er með um 200 þúsund á mánuði til framfærslu eða jafnvel minna, það vita allir að það gengur ekki upp fyrir fullorðinn einstakling sem þarf að borga húsaleigu, fæði og klæði, lyf og lækniskostnað, það er dýrara að lifa sem öryrki. Það er því miður þannig að þeir sem fara með peningavaldið virðast ekki sjá þessa stöðu sem rangláta og því skammta þau alltaf smátt.“

– Finnst þér eins og fólk geri sér bara ekki alltaf grein fyrir þessu?

Íslenskt samfélag trúir því auðvitað innilega að hér sé stéttlaust og sanngjarnt samfélag fyrir alla. Það er kannski meira en að segja það að horfast í augu við að það samfélag tekur ef til vill ekki jafnt utan um alla. „Nú get ég alveg sagt þér hvað kom fyrir hjá mér varðandi þetta. Fram að fertugt er ég hlaupandi

um og hafði aldrei þurft að nota heilbrigðisþjónustuna nema til að fæða börnin mín. Annars var mér ekki misdægurt, þannig að þegar ég lendi í mínu slysi og lamast þá uppgötva ég algjörlega nýjan heim í þessu landi okkar. Ég fattaði ekki fyrr en þá að ég var búin að horfa á hlutina af skilnings- og þekkingarleysi. Mér dettur helst í hug ævintýrið um Nýju fötin keisarans í þessu samhengi, okkur er einfaldlega sagt að við búum við eitt besta heilbrigðis- og velferðarkerfi í heimi, og við trúum því auðvitað þar til við lendum svo í því sjálf að þurfa að reiða okkur á kerfið þá uppgötvar fólk að kerfið er ekki eins gott og af er látið" segir Þuríður Harpa og tekur fram að mikill og góður mannaúður sé í velferðar- og heilbrigðisgeiranum. „Þarna er margt gott, hæft og vel menntað fólk sem vinnur vel en það er eins og það hafi ekki verið haldið nógu vel utan um heilbrigðiskerfið okkar. Það er t.d. of dýrt fyrir öryrkja og fólk sem þarf að nota það. Kostnaðurinn er fljótur að telja ef framfærslan er langt undir viðmiðunarmörkum. Heilbrigðisþjónusta eins og sálfræðiviðtal, tannlækningar er of dýr, þannig að fólk sem t.d. lendir í sálrænum skakkaföllum veigrar sér við að fara til sálfræðings vegna kostnaðar sem getur þá skapað enn verra ástand og orðið kostnaðarsamara fyrir heilbrigðiskerfið. Velferðarkerfinu okkar hefur ekki tekist nógu vel að halda utan um þegna sína.“

Götótt velferðarkerfi

Þuríður Harpa slasaðist alvarlega í hestaslysi í Skagafirði vorið 2007, hún hrygg- og rifbeinsbrotnaði og lamaðist neðan við brjóst. Eins og kemur fram hér að ofan segir hún það hafa komið henni verulega á óvart að sú sýn sem hún hafði á stuðningskerfið var ekki í samræmi við upplifun hennar.

„Þetta kom allt á óvart, ég vissi ekki betur en að velferðarkerfið okkar væri í fallegum fötum en svo eru alls staðar göt. Ég dett af hestbaki árið 2007, því mektarári þegar allt var í miklum uppgangi og allt átti að vera svo rosalega gott og Íslendingar talin gríðarlega rík þjóð. Fyrir það fyrsta fer ég inn á spítala í Reykjavík með marga hryggjarliði brotna. Þegar ég kem inn er búið að undirbúa aðgerð þetta kvöld. Læknarnir voru hinsvegar svo útkeyrðir að þeir gátu einfaldlega ekki tekið mig í aðgerðina fyrr en morguninn eftir. Þarna var fyrsta dæmið um það að við værum með yfirkeyrða lækna strax árið 2007 þrátt fyrir allt góðarið," segir Þuríður Harpa.

„Eftir aðgerð fór ég inn á Grensás, sem ég hélt að væri ein best búna endurhæfingadeild á Íslandi, þangað kemur fólk eftir mjög alvarleg áföll og slys og þarf mikla endurhæfingu, ég reiknaði með því að húsakynni og aðbúnaður væri í toppstandi, en rak í rogastans þegar ég uppgötva það að mest allur húsbúnaður inni á deildinni sem ég lá á, var gefinn af góðgerðarsamtökum. Þvottavélin var nýleg en var gefin af sjúkling en þangað til hafði fólk þurft að þvo af sér út í bæ.

Mér fannst því Grensás vera vanbúin árið 2007. Mannauðurinn var þó gríðarlegur og frábært starfsfólk og allt

gert til að gera okkur lífið bærilegra en þau voru undir gríðarlegu álagi og ég held það hafi ekki breyst.“

Sjúkraþjálfari fórnaði bílnum sínum

Hún bendir á dæmi um það álag og og þann einhug sem starfsfólk Grensás sýndi að sjúkraþjálfari hafi notað eigin bíl til kennslu. „Meðal annars var sjúkraþjálfari þarna sem kenndi mér að færa mig úr hjólastól inn og út úr bíl, og taka hjólastólinn minn í sundur og setja hann inn í bíl, þetta gekk auðvitað ekki áfallalaust, ég lamdi bílinn að utan með stólnum við tilfæringarnar. Ég segi þá við sjúkraþjálfarann að það sé nú eins gott að þetta sé bíll sem að stofnunin eigi, því að hann sé hálfónýtur eftir meðferðina frá okkur sem eru að læra að fara inn og út úr bíl. Þá svarar sjúkraþjálfarinn: „Þetta er eiginlega bíllinn minn“. Þarna skaffaði starfsmaður bílinn sinn til að geta kennt okkur og það þyrmdi yfir mig vegna þess að ekki einu sinni væri lagður til bíll frá stofnuninni, og það í góðærinu.“

Þuríður Harpa stoppar og tekur fram að hún vilji ekki hljóma eins og veran á Grensás hafi verið slæm. Þvert á móti sé þar mjög gott starfsfólk og mikill mannaúður. Það hafi hins vegar komið henni verulega á óvart hvernig búið var að starfsemi.

Aðstandendur án stuðnings

Talið berst að aðstandendum sem Þuríður Harpa segri ekki njóta nægilegs stuðnings. Hún segir það hafa komið henni á óvart þegar hún slasaðist fyrir tíu árum. „Það kom mér líka á óvart að það var eiginlega enginn stuðningur við aðstandendur. Ég fór heim með 75% örorku, lömuð, og það var enginn sálrænn stuðningur í boði, hvorki við mig sem einstakling sem þurfti að fóta mig í nýju lífi, né við fjölskylduna og það er mjög alvarlegur brestur í velferðarkerfinu okkar.

Fjölskyldur þurfa sálrænan og faglegan stuðning þegar svona gerist, það kann enginn að taka á móti ástvini sínum í hjólastól. Ég hélt að við hefðum betri lausnir en svo var ekki. Ég var svo heppin að ég var í vinnu sem ég gat farið í aftur þegar ég kom út af Grensás. Mitt tilfelli var því alls ekki það versta. Samfélagið í kringum mig út á landi tók utan um mig og mína og þaðan fengum við fjölskyldan mikinn stuðning.

Bætt staða fatlaðs fólks er réttindamál okkar allra

Aftur að starfi Öryrkjabandalagsins og segir hinn nýi formaður að áhersla hennar verði meðal annars á NPA-samninga, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og baráttuna fyrir bættri stöðu fatlaðs fólks og langveikra. „Markmiðið er að breyta viðhorfum til fatlaðs fólks og langveikra, að fatlað fólk muni geta lifað og átt líf til jafns við aðra hér á Íslandi. Þetta er það sem ég trúi á, þarna ætlum við að hafa hlutina í lagi“ segir Þuríður Harpa.

Hún nefnir starf Heyrnarhjálpar og þá baráttu sem þar á sér stað. „Táknmálstúlkar og túlkasjóðurinn. Það er

mikilvægt að það verði leyst þannig að fólki sé ekki mismunað á grundvelli fötlunar og fái og hafi tækifæri til að taka þátt í samfélaginu, hafi aðgengi að menntun, atvinnu, tómstundum, menningu o.s.frv. til jafns við aðra."

Samningur Sameinuðu þjóðanna í forgang

„Ég mun hafa samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi í mínum störfum" sagði Þuríður Harpa í framboðsræðu sinni til formanns. „Samninginn þurfum við að fá lögfestann til að hann veiti okkur þau réttindi og þann slagkraft sem þarf í mannréttindabaráttunni. Fátækt, útskúfun, mismunun eða misrétti á ekki að líðast. Þá legg ég áherslu á lögfestingu á NPA (notendastýrðri persónulegri aðstoð) og baráttu fyrir bættum kjörum örorkulífeyrisþega, fatlaðs fólks og langveikra."

– Hvernig mun þessi áhersla lýsa sér?

„Samningurinn gefur rétt til lífs til jafns við aðra og að ekki sé mismunað á grundvelli fötlunar og þá erum við að tala um aðgengi að samfélaginu og hvað varðar að komast um, menntun, atvinnu, búsetu og að fatlað fólk hafi sömu tækifæri og séu ekki jaðarsett, ekki útilokuð og ekki á valdi annars fólks eins og hefur verið hingað til. Það er ofboðslega mikilvægt fyrir okkur og fyrir íslenskt samfélag, við Íslendingar viljum vera þjóð mannréttinda."

– Þú talar hér um réttinn til sjálfstæðs lífs. Hefur þér fundist að stundum mæti það ekki miklum skilningi þegar fólk er að tjá sig um sína stöðu og að jafnvel glitti þá í kröfu um að fólk eigi að vera þakklátt og hafa sig hægt?

„Þó ljótt sé að segja það þá virðist ríkjandi viðhorf samfélagsins gagnvart öryrkjum vera að þeir hafi ekki rétt á því að lifa mannsæmandi lífi, þeir megji ekki hafa það of gott. Það hugsa ekki allir svona en þessi stemning er til. „Þetta eru vond viðhorf því fáir vildu vera í þeirri stöðu að hafa misst starfsorku eða getu til að vera á vinnumarkaði, við erum vinnusöm þjóð og stolt af okkar framlagi til samfélagsins og framlagið tengjum við oftast en ekki starfi okkar og afkomu. Við búum við það að fólki með skerta starfsorku er haldið utan vinnumarkaðs vegna þess að lítið sem ekkert framboð hlutastarfa er í boði fyrir þann hóp. Spurningin er því með hvaða hætti ætla stjórnvöld að tryggja fólki með skerta starfsorku þátttöku í atvinnulífinu á Íslandi. Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki getur kostnaður við að gera fyrirtækið aðgengilegt sjónskertum, heyrnarskertum eða hreyfiskertum einstaklingi verið mikill þannig að þá er aðgengi að atvinnu ekkert. Í öðru lagi þurfum við að taka á skerðingum, að ef fólk fær hlutastarf að það sé þá ekki skert krónu á móti krónu og jafnvel komi verr út."

Starfsgetumat verði ekki keyrt áfram af offorsi

Umræðan berst að starfsgetumati og afstöðu ÖBÍ til þeirrar breytingar. Þuríður Harpa segist upphaflega hafa verið nokkuð spennt fyrir þeim hugmyndum og þótt orðið stækkandi og eflandi. Hins vegar hafi hún nú efa-

semdir og nefnir að sé markmið starfsgetumats fyrst og fremst að skapa aðstæður þar sem öryrkjum er ýtt á vinnumarkað sem hefur litla getu til að veita þeim atvinnu sé ljóst að markmiði umbóta verði ekki náð. „Ég get alveg viðurkennt það að ég er ekki búin að setja mig nógu vel inn í þetta. Ég er búin að lesa svolítið um þetta og hef myndað mér skoðanir og skoðað þetta og hef skrifað aðeins um þetta. Fyrir nokkrum árum þá heyrði ég þetta orð **-starfsgeta-** og mér fannst þetta gott orð. Valdeflandi og stækkandi orð og betra en örorka. Mér fannst betra að horfa á hlutina út frá starfsgetu heldur en örorku. Þegar ég fór að skoða svokallað starfsgetumat, og ekki síst út frá því hversu illa það hefur komið út í öðrum löndum t.a.m. Bretlandi, þá skil ég vel hræðslu öryrkja við nýtt kerfi og svo má spyrja sig þurfum við nýtt kerfi, getum við einfaldað og aðlagð það kerfi sem við þegar höfum? Hvað sem stjórnvöld gera, þá vona ég að þau beri gæfu til að eiga virkt samtal við Öryrkjbandalagið og að niðurstaðan verði ekki bara betri heldur mikið betri en hún er í dag.

Ég varpaði fram þessari spurningu til alþingismanns: Einstaklingur metinn með 50% starfsgetu, fær 50% mánaðarframfærslu frá TR og lífeyrissjóði, fer á atvinnuleysisbætur á móti á meðan hann finnur sér vinnu. Fær ekki vinnu og dettur út af atvinnuleysisbótum, hvort hann sé þá bara með 50% framfærsluna? Hann svaraði því að það það yrði ekki látið gerast. Að skilningur væri fyrir því að sumir einstaklingar komist ekki á atvinnumarkaðinn aftur og þá verði að vera til úrræði fyrir þann hóp. Ég var ánægð að heyra að það er skilningur á því að starfsgetumatið eins og búin er að vinna það þurfi að skoða betur.

Þuríður Harpa segir augljóst að starfsgetumatið eins og það hefur verið lagt upp geti skapað vandamál og veikt stöðu fólks en ekki eflt og þannig má það alls ekki vera, stjórnvöld og hagsmunasamtök þurfa að leggja yfir þetta og vinna að þessu með hagsmuni okkar veikasta þjóðfélagshóps í huga. Ég myndi segja að við verðum að stíga rosalega varlega til jarðar og vanda til verka þannig að útkoman verði miklu betri og síðast en ekki síst réttlát, að stjórnvöld hafi mannréttindi og mannúð að leiðarljósi. Ég held við verðum að byrja á atvinnulífinu, að það bjóði raunverulega upp á störf fyrir fólk með skerta starfsorku, annars er til lítils barist ef þetta grundvallaratriði er ekki til staðar.

Samtal við atvinnulífið?

– Hvernig færi slíkt samtal fram og að hverju þyrfti að hyggja?

„Það þarf að eiga sér stað samtal við Samtök atvinnulífsins, um með hvaða hætti okkar fólk hafi aðgang að, eða leið inn á vinnumarkað. Við getum ekki umbylt kerfinu áður en því samtali er lokið segir Þuríður Harpa að lokum."

Ingimar Karl Helgason

Heyrnarhjálp þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn

Aðalvík ehf,
Síðumúla 13, 108 Reykjavík

ASK Arkitektar ehf,
Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Á.T.V.R,
Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík

Áltak ehf,
Fossaleyni 8, 112 Reykjavík

Árbæjarapótek ehf,
Hraunbæ 115, 110 Reykjavík

Bílasmiðurinn hf,
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík

Blaðamannafélag Íslands,
Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík

Blikksmiðja Reykjavíkur,
Súðarvogi 7, 104 Reykjavík

Danica sjávarafurðir ehf,
Suðurgötu 10, 101 Reykjavík

E.T. ehf,
Klettagörðum 11, 104 Reykjavík

Efling stéttarfélag,
Sættúni 1, 105 Reykjavík

Eignamiðlunin ehf,
Grensásvegi 11, 108 Reykjavík

Eignaskipting ehf,
Unufelli 34, 111 Reykjavík

Faxaflóahafnir sf,
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Garðs Apótek ehf,
Sogavegi 108, 108 Reykjavík

Guðmundur Arason ehf Smíðajárn,
Skútuvgi 4, 104 Reykjavík

Hagi ehf,
Stórhöfða 37, 112 Reykjavík

Hagkaup,
Skeifunni 15, 108 Reykjavík

Höfðakaffi ehf,
Vagnhöfða 11, 110 Reykjavík

Íslandspóstur hf,
Stórhöfða 29, 110 Reykjavík

Landsnet hf,
Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík

Landssamtök lífeyrissjóða,
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

Lyfjaver ehf,
Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík

Nýi ökuskólinn ehf,
Klettagörðum 11, 104 Reykjavík

Ósal ehf,
Tangarhöfða 4, 110 Reykjavík

Pizza-Pizza ehf,
Lóuhólum 2-6, 111 Reykjavík

Pípulagnaverktakar ehf,
Langhóltsvegi 109, 104 Reykjavík

PricewaterhouseCoopers hf,
Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík

Rafsvið sf,
Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík

Reykjavíkurborg,
Borgartúni 12 -14, 105 Reykjavík

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra,
Hús sjómannask v/Háteigsveg,
105 Reykjavík

Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja, SSF,
Nethylur 2 e, 110 Reykjavík

SFR Stéttarfélag í almannabjónustu,
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

SÍBS,
Síðumúla 6, 108 Reykjavík

Sjá-viðmótsprófanir ehf,
Laugavegur 13 2 hæð,
101 Reykjavík

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

T.V. ehf. tækniþjónusta/verktakar,
Síðuseli 5, 109 Reykjavík

Tannálfur sf,
Þingholtsstræti 11, 101 Reykjavík

Tannréttingar sf,
Snorrabraut 29, 105 Reykjavík

Teiknistofan Arkitektar ehf,
Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Umslag ehf,
Lágmúla 5 (bakhús), 108 Reykjavík

Úti og inni sf,
Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík

ALARK arkitektar ehf,
Dalvegi 18, 200 Kópavogi

Bílamálunin Varmi ehf,
Auðbrekku 14, 200 Kópavogur

Löggiltir endurskoðendur ehf,
Hlíðasmára 4, 201 Kópavogi

Pottagaldrar,
Laufbrekku 18, 200 Kópavogur

Rafbraut ehf,
Dalvegi 16b, 201 Kópavogur

Rafholt ehf,
Smiðjuvegi 8, 200 Kópavogur

Rafmiðlun hf,
Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur

Skilaborg ehf,
Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur

Tengi ehf,
Smiðjuvegur 76, 200 Kópavogur

Garðabær,
Garðatorgi 7, 210 Garðabær

Geislatækni ehf, Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c, 210 Garðabær

VAL-ÁS ehf,
Suðurhrauni 2, 210 Garðabær

Ás, fasteignasala ehf,
Fjarðargata 17, 220 Hafnarfjörður

Hagtak hf,
Fjarðargötu 13-15,
220 Hafnarfjörður

Hlaðbær-Colas hf,
Gullhelli 1, 221 Hafnarfjörður

Léttfeti ehf,
Steinhelli 12, 221 Hafnarfjörður

Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64,
220 Hafnarfjörður

VSF verkfræðistofa ehf,
Bæjarhrauni 20, 220 Hafnarfjörður

DMM Lausnir ehf,
Hafnargötu 91, 230 Reykjanesbær

Nesraf ehf,
Grófin 18 a, 230 Reykjanesbær

Skipting ehf,
Grófinni 19, 230 Reykjanesbær

Skólar ehf,
Klettatröð 2314, 235 Reykjanesbær

Suðurflug ehf,
Bygging 810, Keflavíkurflugv.,
235 Reykjanesbær

Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14, 230 Reykjanesbær

Íshamar verktakar ehf,
Álafossvegi 27, 270 Mosfellsbæ

Nonni litli ehf,
Þverholt 8, 270 Mosfellsbær

Akraneskaupstaður,
Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Bífreiddastöð Þórðar Þ. Þórðarson,
Smiðjuvöllum 15, 300 Akranes

Spölur ehf,
Kirkjubraut 28, 300 Akranes

Straumnes ehf,
Krókatúni 22-24, 300 Akranes

Samtök sveitarfélaga Vesturlands,
Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes

TS vélaleiga ehf,
Stekkjarkholti 11, 355 Ólafsvík

Reykhólahreppur,
Maríutröð 5a, 380 Reykhólahreppur

Orkubú Vestfjarða ehf,
Stakkanesi 1, 400 Ísafjörður

Ævintýradalurinn ehf,
Heydal, 401 Ísafjörður

Endurskoðun Vestfjarða ehf,
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík

Ráðhús ehf,
Miðstræti 1, 415 Bolungarvík

Steypustöðin Hvammstanga ehf,
Melavegi 2, 530 Hvammstangi

Húnavatnshreppur,
Húnavöllum, 541 Blönduós

Marska ehf,
Höfði, 545 Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd,
Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd

K-Tak ehf,
Borgartúni 1, 550 Sauðárkrúkur

Baugsbót ehf,
Frotagata 1b, 600 Akureyri

Húsprýði sf,
Múlasíðu 48, 603 Akureyri

Raftákn ehf,
Glerárgata 34, 600 Akureyri

Sjúkrahúsið á Akureyri,
Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri

Vélaleiga Halldórs G Bald ehf,
Freyjunesi 6, 603 Akureyri

Vélsmiðjan Ásverk ehf,
Grímseyjargötu, 600 Akureyri

Sigurbjörn ehf,
Öldutúni 4, 611 Grímsey

Steinsteypir ehf,
Haukamýri 3, 640 Húsavík

Fljótsdalshérað,
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1, 700 Egilsstaðir

Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargata 44, 710 Seyðisfjörður

Fjarðarþrif ehf,
Strandgötu 46, 735 Eskifjörður

Síldarvinnslan hf,
Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður

Prastarhóll ehf,
Kirkjubraut 10,
780 Höfn í Hornafirði

Hveragerðiskirkja, Pósthólf 81, 810
Hveragerði

Hellishólar ehf,
Hellishólum, 861 Hvolsvöllur

Eyjasýn ehf.,
Strandvegi 47, 900 Vestmannaeyjar

Frár ehf,
Hásteinsvegi 49,
900 Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu,
900 Vestmannaeyjar

Sigfús Kristinsson,
Bankavegi 5, 800 Selfoss

Merki heyrnarskertra

Aðgengi ehf hefur nýlega gert samstarfssamning við danska félagið Tilgængelighed for alle (FTA) sem rekur Merkjakerfið og leitarvélinu <http://www.gottadgang.dk>


Merkjakerfið gengur út á að búið er að greina fatlanir/skerðingar í sjö flokka og hver flokkur á sitt merki. Til að starfsemi geti fengið merki þarf staðurinn að uppfylla lágmarkskröfur sem aðildarfélög fatlaðra á Íslandi hafa samþykkt. Til að forðast allan misskilning þá er ekki verið að meta aðgengi eftir gildandi byggingarreglugerð heldur aðeins hvort hægt sé að komast um og nýta aðstöðuna. Til dæmis uppfylli staðurinn lágmarkskröfur fyrir hjólastólaaðgengi fær hann merki fyrir þann flokk. Aðgangsmarkjakerfið er vottað gæðakerfi.

Merki heyrnarskertra er eitt af merkjunum í upplýsingaveitu Access Iceland / www.Gottadgangi.is. Leitast er eftir að gefa upplýsingar um aðgengi heyrnarskertra að byggingum með því að birta upplýsingar á veraldarvefnum þannig að fólk geti vitað að hverju það gengur áður en það leggur af stað. Til dæmis eru gefnar upplýsingar um hvort það sé tónmóskvi á staðnum eða annar búnaður sem hægt er að fá lánaðan eða færa á milli rýma.

Einnig eru gefnar leiðbeiningar um hvað þarf að hafa í huga til að uppfylla lágmarkskröfur um aðgengi fyrir fólk með heyrnarskerðingu. Beiðni um nánari upplýsingar og fyrirspurnir má senda á info@AccessIceland.is



TAKTU ÁBYRGÐ VERNDAÐU HEYRNINA!



HEYRNARHJÁLP

Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík. Sími 551-5895

Nýju Phonak Audéo B-Direct

– einföld tenging við farsíma og sjónvarp



Svaraðu símtölum handfrjálst – beint í heyrnartækið!



- Svarar símtölum með því að ýta létt á hnapp heyrnartækisins
- Talar handfrjálst – afar einfalt



- Upplifðu frelsið með margvíslegum tengimöguleikum
- Passar við alla farsíma með Bluetooth®



- Njóttu betri hljómgæða frá sjónvarpinu þínu
- Notaðu heyrnartækin sem þráðlaus heyrnartól

A Sonova brand

PHONAK
life is on

Umboð á Íslandi: Heyrnar- og talmeinstöð Íslands – s:581 3855 – www.hti.is